

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson, Jónína Guðmundsdóttir og Vigdís Sigurðardóttir, fóru í reglubundið ítareftirlit hjá Háafelli með rekstrarleyfi FE-1171 í Ísafjarðardjúpi, dagana 3. og 4. nóvember 2025. Eftirlitið fór fram á skrifstofu Háafells á Ísafirði. Gæðaskjöl og skráningar voru skoðaðar og óskað eftir útrentunum á völdum gæðaskjöllum og öðrum upplýsingum sem voru yfirfarin á skrifstofu Matvælastofnunar.

Matvælastofnun kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika í eftirlitsskýrslu þessari og Matvælastofnun mun hafa eftirfylgni með frávikum.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna	Næsta skoðun
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlanir	Næsta skoðun
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Innra eftirlit	Næsta skoðun
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Innri úttektir - sannprófun	Næsta skoðun

Frávik	Úrbótafrestur
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Bátar og flutningstæki	Næsta skoðun
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Gæðahandbók	Næsta skoðun
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Verklagsreglur	Næsta skoðun

Alvarlegt frávík

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit
Þjálfunarskrá starfsmanna

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Þjálfunarskrá starfsfólks er ófullnægjandi. Erfiðlega gekk að fá heildstætt yfirlit yfir þjálfun einstakra starfsmanna en eftirlitsmönnum var sýnt eitt skjal þar sem tekin var saman þjálfun tólf starfsmanna. Á því skjali var ekki hægt að sjá hvenær starfsmaður hóf störf.

Enginn þessara tólf starfsmanna hefur hlotið þjálfun í þeim atriðum sem reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kveður á um að starfsmenn skuli fá. Fyrir liggur að eftirlitsþegi afhenti ekki þjálfunarskrá fyrir alla starfsmenn.

Að mati Matvælastofnunar eru þjálfunarskrár starfsfólks því ófullnægjandi og þarfnast úrbóta.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávík

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit
Viðbragðsáætlanir

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá allar þær viðbragðsáætlanir sem giltu um fiskeldisstöðina.

Ekki er til staðar viðbragðsáætlun um tjón á kvíum vegna slysa/árekstrar en gerð er krafa um að hún sé til staðar skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 undir lið g í viðbragðsáætlunum.

Uppfæra þarf viðbragðsáætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun þannig að tilkynna þurfi til Matvælastofnunar um fyrirhugaða stöðvun rekstrar og þegar rekstrarstöðvun hefur átt sér stað. Þá skortir upplýsingar um það hvað skuli gera við eldisfiskinn komi til stöðvunar, t.d. vegna fóðrunar og umhirðu fisksins og hver takieltu til meltuvinnslu.

Viðbragðsáætlun um massadauða þarf að yfirfara í heild sinni og lýsa þar raunverulegum viðbrögðum við massadauða. Þá skortir upplýsingar um notkun sweep neta sem eftirlitsþegi upplýsti eftirlitsmenn að væru til staðar, hvar þau eru geymd og hvernig á að nota þau.

Viðbragðsáætlun vegna olíumengunar er ekki nægjanlega ítarleg. Ekki er lýst viðbragði t.d. þegar olíumengun er það mikil að fiski standi ógn af henni. Þá uppfyllir viðbragðsáætlunin ekki kröfur sem gerðar eru til uppsetningar slíkra áætlana skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávík

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit
Innra eftirlit

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Ekki til staðar verklagsregla um innra eftirlit. Innra eftirlit er framkvæmt að einhverju leiti en ekki skráð.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávík

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit
Innri úttektir - sannprófun

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Í verklagi um sannprófun kemur fram að sannprófa skuli einu sinni á ári en ekki er tilgreint að einnig þurfi að sannprófa eftir stök og skilgreina hvað telst sem alvarlegt óhapp eða breytingar á rekstri sem krefst þess að sannprófa þurfi, sbr. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Eftir yfirferð eftirlitsmanna á sannprófun eftirlitsþega sem framkvæmd var í febrúar 2025 er ljóst að eftirlitsþegi sannprófar alla kafla gæðahandbókar og úrbótaáætlun fylgdi með. Ljós er þó að eftirlitsþegi hefur ekki fylgt úrbótum nægjanlega vel eftir þar sem á úrbótaáætluninni eru til staðar tímasett atriði sem á að vera búið að leysa en ekki er búið að því.

Ljóst er að upp hafa komið atvik síðastliðið ár sem gáfu tilefni til þess að sannprófa. Fyrir liggur að skrifuð var skýrsla af framkvæmdastjóra rekstrarleyfishafa þar sem farið var yfir atvikin en hún uppfyllir ekki kröfur sem reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 gerir til sannprófunar. Eftirlitsþegi hefur því ekki sannprófað atvik sem átti að sannprófa.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Frávík

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit
Bátar og flutningstæki

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Eftirlitsmenn óskuðu eftir að fá staðfestingu á að allir bátar sem notaðir eru við sjókvíaeldisstöðvagnar séu útbúnir með hlíf fyrir skráfu. Starfsfólk eftirlitsþega óskaði eftir því að fá að senda myndir því til staðfestingar í tölvupósti. Eftirlitsmönnum bárust ekki gögnin.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Skipurit er ekki til staðar fyrir alla starfsmenn eldissvæðis, einungis fyrir stjórnendur.

Yfirlit yfir ábyrgðarsvið og starfslýsingar starfsmanna eldisstöðvarinnar eru ekki til staðar.

Í verklagi um þjálfun starfsfólks vantar að tilgreina tímamörk á því hvenær nýliðabþjálfun á að vera lokið. Þá vantar einnig að tiltaka hvaða þjálfun þarf að viðhalda og tíðni. Nýliðabþjálfun er mjög viðamikil og líkur að mestu til á einum degi. Matvælastofnun telur að slík þjálfun sé of yfirgripsmikil fyrir fyrsta dag í vinnu.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá allar þær verklagsreglur sem giltu um fiskeldisstöðina. Þær verklagsreglur sem eftirlitsmönnum voru sýndar voru í flestum tilfellum of almennar og vantaði upp á nánari lýsingu á framkvæmd þeirra, viðmiðum og fjölda starfsmanna sem þarf til verksins. Þá er í einhverjum tilfellum lýst verklagi sem ekki er framkvæmt, t.d. í verklagsreglu um neðansjávareftirlit þar sem skoða á hvort atferli fisks sé eðlilegt og að afföll fiska séu innan settra viðmiðunarmarka. Matvælastofnun bendir á mikilvægi þess að yfirfara verklag fyrirtækisins með tilliti til framangreinds sem og meta hvort þörf sé á frekari verklagsreglum, t.d. um móttöku og yfirferð á köfunarskýrslum.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Niðurlag

Þann 04/11/2025 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 02/12/2025. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 7 skoðunaratriðum, þar af 4 alvarleg frávík og 3 frávík. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit: 19 af 21 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af voru 3 frávík og 4 alvarleg frávík.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Ísland.is](#).

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit

- | | | |
|--------------------------|------------------------------------|---------------------------------------|
| • Gæðahandbók | • Þjálfunarskrá starfsmanna | • Verklagsreglur |
| • Innra eftirlit | • Innri úttektir - sannprófun | • Viðbragðsáætlanir |
| • Dagbókarfærslur | • Viðbragðsáætlun vegna stroks | • Dauðfiskur |
| • Eldisbúnaður | • Hvíld eldissvæða | • Merkingar sjókvíaeldisstöðva |
| • Bátar og flutningstæki | • Eftirlit og viðgerðir á netpokun | • Eldissvæði |
| • Framkvæmd flutnings | • Rekstrarleyfi | • Stöðvarskírteini sjókvíaeldisstöðva |
| • Nýliðþjálfun | | |

Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlun vegna sníkjudýra í sjókvíaeldi

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Búnaður til að endurheimta fisk